

rið 2010, föstudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1092/2009: Ákærvaldið gegn Jóhanni Guðna Jóhannssyni, en málið var dómtekið 15. f.m.

Málið er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara þann 5. október 2009 á hendur:

„Jóhanni Guðna Jóhannssyni, kennitala 000000-0000,

Háteigsvegi 20, Reykjavík,

fyrir eftirtalin brot framin í júní 2009:

1. Umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 5. júní, um kl. 11:23, ekið bifreiðinni YS-163 hringveginn austur Öxnadalshéiði við Heiðarsporð, Skagafirði, á 113 kílómetra hraða á klukkustund þar sem leyfður hámarks hraði er 90 kílómetrar og undir áhrifum ávana- og fíkniefna en 50 ng/ml af amfetamíni mældust í blóði hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

2. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa haft í vörslum sínum í bifreiðinni YS-163, þegar lögregla hafði afskipti af honum á þeim stað og tíma sem tilgreindur er í 1. ákærulið, 4,56 g af amfetamíni.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001.

3. Umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 5. júní, um klukkan 17.14, ekið bifreiðinni YS-163 vestur Norðausturveg, sunnan við Bangastaði í Norðurþingi, undir áhrifum ávana- og fíkniefna en 55 ng/ml af amfetamíni mældust í blóði hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga með síðari breytingum.

4. Líkamsárás, með því að hafa sunnudaginn 7. júní, í íbúð að Aðalbraut 67, Raufarhöfn, slegið Hörð Þorgeirsson með krepptum hnefa í andlitið hægra megin með þeim afleiðingum að hann hlaut eftirfarandi áverka á hægra auga; bólgur í kringum augað, þriggja sm skurð á efra augnlok, beinbrot á neðanverða augnumgjörð og blæðingu inn í augnbotn sem leitt hefur til varanlegrar skerðingar á sjón.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að honum verði gert að sæta upptöku á ofangreindum fíkniefnum, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna og annarra eftirlitsskyldra efna.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu Harðar Þorgeirssonar, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 4.094.839 ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. júní 2009 til 14. október 2009 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu lögmannspóknunar að fjárhæð kr. 345.488 að meðtöldum virðisaukaskatti, eða lögmannspóknunar að mati dómsins.“

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Aðallega er krafist frávísunar skaðabótakröfu en til vara að krafan verði lækkuð. Málsvarnarlauna er krafist úr ríkissjóði að mati dómsins.

#### **Ákæruliðir 1-3.**

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, og með öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau sem í þessum ákæruliðum greinir og eru brotin rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Skírskotað er til ákærinnar um lýsingu málavaxta vegna þessara ákæruliða.

#### Ákæruliður 4.

Aðalmeðferð fór fram vegna þessa ákæruliðar, einkum vegna aðdraganda atburðarins sem lýst er í þessum ákærulið. Ekki er ágreiningur um annað í málinu.

Ákærði játar að hafa slegið Hörð Þorgeirsson eins og lýst er í ákærinni með afleiðingum sem þar greinir. Ákærði kvaðst hafa farið í partí sem var í íbúð þar sem Hörður Þorgeirsson var á þessum tíma, en systir Harðar, sem þar var, hafi vísað ákærða út. Hann hafi ekki sinnt því, sagt eiganda íbúðarinnar frá þessu og hann hafi ekki vísað sér út. Eftir þetta hafi Hörður komið og spurt ákærða hvort að hann væri með læti og kjaft jafnframt því að slá ákærða í bringuna og ýta við honum. Skömmu síðar hafi bræður ákærða komið á vettvang og Hörður hafi þá hætt og ákærði farið í burtu en komið aftur, hálfri til einni klukkustund síðar, í því skyni að spjalla við fólkið sem þarna var. Hörður hafi þá aftur komið og byrjað að öskra á ákærða sem kvaðst hafa sent Degi bróður sínum SMS-skilaboð og beðið bræður sína um að koma. Eftir þetta hafi Hörður ráðist á ákærða með öskubakka að vopni, en ákærði hafi síðan kastað sama öskubakka í bringu Harðar. Þá kvaðst ákærði hafa reynt að kasta glasi í Hörð, en ekki hitt hann. Hörður hafi þá stokkið á ákærða og þeir tekist á og hafnað í sófa í íbúðinni en ákærði kvað Hörð hafa espað sig upp allt kvöldið. Eftir að þessu lauk voru bræður ákærða komnir á staðinn og stuttu síðar hafi ákærði verið kominn fram á gang þar sem einnig voru Hörður og Dagur, bróðir ákærða, og hafi Hörður verið að faðma Dag. Er Hörður sá ákærða hafi hann ýtt Degi frá sér og hafi sér vírst Hörður ógnandi og ætla að ráðast á sig og hafi hann þá slegið Hörð eitt hnefahögg eins og lýst er í ákærinni. Ákærði kvaðst hafa talið Hörð ætla að ráðast á sig vegna þess að hann hrinti Degi frá sér er hann sá ákærða og Hörður hafi hlaupið að ákærða auk þess sem hann hafði áður um kvöldið stöðugt ógnað ákærða og æst hann upp. Hörður hafi fallið við höggið.

Vitnið Hörður Ingimar Þorgeirsson kvaðst hafa verið staddur í veislu ásamt fleira fólki er ákærði kom þar óboðinn og var með uppsteyt gagnvart honum að honum fannst. Ákærða hafi verið vísað út en hann komið aftur stuttu síðar og þá enn með sama uppsteyt og ekki viljað yfirgefa samkvæmið og þá hafi brotist út átök milli þeirra ákærða og hafi ákærði kastað öskubakka í bringu vitnisins, auk þess sem ákærði reyndi að kasta í vitnið glasi. Eftir það urðu átök milli þeirra. Bræður ákærða hafi þá verið komnir og hafi þeir reynt að skilja þá ákærða að. Eftir að átökunum lauk inni í íbúðinni tók við hávaði og rifrildi frammi á ganginum. Hörður kvaðst hafa verið að ræða við Friðrik Sæmund og Dag, bræður ákærða, er ákærði kom skyndilega að og sló hann högg. Hörður kvaðst þarna hafa faðmað Dag á stigapallinum, en verið hættur því er hann hlaut höggið, en þá hafi hann verið að ræða við Sæmund, bróður ákærða. Hann hafi ekki rotast við höggið, en afleiðingarnar urðu þær sem lýst er í ákærinni. Hörður kvað framburð ákærða, um að hann hafi komið að ákærða ógnandi eins og ákærði bar, ekki vera rétta lýsingu á

Því sem gerðist. Hörður kvaðst ekki hafa séð ákærða er hann hlaut höggið þar sem ákærði hafi komið aftan að sér. Hörður taldi Gunnar og Ævar einnig hafa verið á ganginum er hann hlaut höggið.

Hörður lýsti afleiðingunum og að hann hafi ekki náð sér og lýsti batahorfum. Hann kvaðst hafa verið sjómaður á þessum tíma, en ekki starfað við það eftir atburðinn.

Vitnið Friðrik Sæmundur Jóhannsson, bróðir ákærða, kvaðst hafa farið í íbúð hjá Herði til að henda fólkinu út vegna óláta sem þar voru. Er hann kom upp á stigapallinn milli hæða hafi hann mætt Árna og Degi, bræðrum sínum, og Herði en þeir hafi allir verið í faðmlögum. Hörður hafi þá tekið að fjasa við vitnið sem ætlaði niður aftur, en þeir ákærði og Hörður hafi þá verið byrjaðir að rífast. Í sama mund og Friðrik sneri sér við hafi Hörður rutt Degi frá sér og hlaupið í áttina að ákærða og ætlaði að „hjóla í hann“. Ákærði hafi orðið fyrri til og slegið Hörð eitt hnefahögg. Friðrik kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis á þessum tíma og muna atburði vel.

Vitnið Dagur Már Jóhannsson, bróðir ákærða, kvaðst hafa verið staddur á heimili bróður síns og hafi hann heyrt læti úr annarri íbúð í húsinu, en þar hafi verið partí og vissi hann að ákærði var þar. Hann hafi haldið þangað til að kanna hvað væri í gangi. Er hann kom hafi rifrildi verið í gangi og hafi Hörður tekið ákærða og lagt í sófann sem þar var og haldið honum niðri. Dagur kvaðst þá hafa rífið Hörð af ákærða og hafi þeir Hörður þá farið fram á stigagang. Þar hafi Hörður sagt að sér líkaði við vitnið og hafi Hörður faðmað sig, en ákærði hafi farið út úr húsinu. Er ákærði kom aftur inn og upp stigann, hafi Hörður ýtt vitninu frá sér og ætlað að „hjóla í Donna“, en ákærði gengur undir því nafni. Hafi ákærði þá slegið Hörð hnefahögg sem lýst er í ákærinni. Dagur kvað fólkið á staðnum hafa verið ölvað. Hann hafi ekki verið ölvaður og muni atburði vel.

Vitnið Friðgeir Hjaltason kvað ákærða hafa komið í íbúðina þar sem hann, Hörður og fleiri voru gestkomandi. Ákærði hafi verið dónalegur og lýsti hann því. Bræður ákærða hafi komið síðar. Friðgeir kvað ákærða hafa kastað öskubakka í áttina að Herði og þeir tekist á eftir það, en verið skildir í sundur og ákærði farið í burtu, en komið til baka um 15 mínútum síðar og bræður hans með honum. Ákærða hafi verið vísað út og hann farið fram á stigaganginn og vitnið hringt í lögregluna og verið í símanum og staðið í dyrum íbúðarinnar. Þá hafi verið á stigaganginum þeir Sæmundur, bróðir ákærða, Hörður og ákærði sem stóð fyrir aftan Hörð. Vitnið kvaðst hafa snúið sér er hann heyrði sársaukavein og er hann leit fram hafi atburðurinn sem í ákæru greinir gerst. En hann kvaðst ekki hafa séð er ákærði veitti höggið. Friðrik kvað Dag ekki hafa verið í stigaganginum er höggið átti sér stað.

Vitnið Kristján Guðmundsson kvaðst hafa hleypt ákærða inn í íbúð sína á þessum tíma en eftir stutta stund hafi ákærði hreytt ónotum í viðstadda. Hann lýsti því er til átaka kom milli Harðar og ákærða í íbúðinni. Ákærða hafi að lokum verið vísað út, en hann hafi áður kastað öskubakka í Hörð. Er ákærði fór út hafi bræður hans verið komnir í stigaganginn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð er ákærði sló Hörð í stigaganginum en er það gerðist hafi Hörður verið að ræða við Sæmund, bróður ákærða. Er vitnið kom fram hafi Hörður legið í gólfinu og allir bræður ákærða verið á staðnum.

Vitnið Ævar Indriðason kvað ákærða hafa sakað Hörð um að tala illa um skyldmenni sín og hafi þeir rifist vegna þessa. Þeir hafi síðan farið fram á stigaganginn þar sem vitnið kvaðst hafa fengið glas í höfuðið og muni hann lítið eftir því sem gerðist eftir það. Hann kvaðst hafa verið að ræða við Dag, bróður ákærða, í þann mund sem ákærði sló Hörð og hafi hann séð höggið. Áður höfðu ákærði og Hörður rifist. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð Hörð faðma Dag. Fram kom hjá vitninu að hann myndi atburði illa.

Vitnið Gunnar Sigurbjörn Indriðason kvaðst hafa verið mjög drukkinn á þessum tíma og muna þetta illa. Hann lýsti ósætti í íbúðinni þar sem partið var. Hörður hafi verið ölvaður og ákærði æstur. Hluti fólksins sem þarna var færði sig fram á stigaganginn þar sem ákærði sló Hörð skyndilega í höfuðið. Gunnar kvaðst ekki muna hvort Dagur, bróðir ákærða, var staddur á ganginum er Hörður hlaut höggið, en Hörður hafði verið að tala við ákærða er hann hlaut höggið. Fram kom hjá Gunnari að hann myndi atburðinn illa.

Vitnið Friðný Jónsdóttir kvað ákærða þegar hafa byrjað með leiðindi er hann kom í veisluna að hennar sögn. Endaði þetta með því að ákærða var vísað á dyr. Um einni og hálfri klukkustund síðar kom ákærði aftur og þá í fylgd tveggja bræðra sinna og hélt áfram sömu leiðindum. Upphófst þá rifrildi milli ákærða og Harðar Þorgeirssonar. Að því kom að Hörður var snúinn niður í sófa í íbúðinni og hann kýldur. Sæmundur, bróðir ákærða, og fleiri skyldu þá ákærða og Hörð að. Eftir að ástandið róaðist fóru ákærði og fleiri fram á stigagang. Friðný kvaðst hafi verið stödd á miðstigapalli á milli hæða í húsinu að reyna að róa ástandið sem tókst að hennar sögn. Ákærði og Hörður hafi verið hættir að öskra hvor á annan og eins og sættir væru að nást. Hún hafi snúið sér undan og verið á tali við fólk, m.a. við Dag, bróður ákærða, er hún heyrði þungt högg. Hún sá þó ekki er ákærði sló Hörð þar sem hún hafði snúið sér undan á því augnabliki, en fyrir aftan hana voru einnig Sæmundur og Birgir, bræður ákærða.

Vitnið Henning Árni Jóhannsson, bróðir ákærða, kvaðst hafa verið staddur í íbúð Sæmundar, bróður síns, á þessum tíma. Um nóttina hafði ákærði farið í íbúðina þar sem Hörður var staddur en þeir höfðu rætt saman fyrr um nóttina. Er þeir Dagur heyrðu hávaða úr íbúðinni hafi þeir farið þangað. Enginn hafi opnað fyrri þeim, en mikil læti hafi verið og þeir talið að Hörður væri að ganga í skrokk á ákærða. Er dyrnar voru opnaðar hafi þeir séð Hörð ofan á ákærða og hafi þeir skilið þá sundur. Hann kvaðst ekki hafa verið viðstaddur er atburðurinn sem í ákæru greinir átti sér stað.

Vitnið Elín Gunnarsdóttir, deildarlæknir á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss, kom fyrir dóminn og skýrði áverka Harðar og batahorfur. Hún kvað Hörð hafa hlotið alvarlegan augnskaða og skerta sjón á hægri auga og ekki sé unnt að bæta sjónina á auganu með gleraugum. Hún lýsti því hvernig augnáverkinn getur breyst en örvefshimna sé tekin að myndast og hún geti valdið meiri skaða er fram í sæki. Því sé óljóst hver þróunin verður en hugsanlegt sé að aðgerð reynist nauðsynleg. Elín skýrði áverkann sem hér um ræðir með aðstoð ljósmynda af áverkanum.

Vitnið Haraldur Sigurðsson augnlæknir lýsti augnáverkum Harðar sem í ákæru greinir. Haraldur kvað augnbotninn á hægri auga Harðar hafa brotnað og lýsti hann

meðferð sem Hörður hlaut vegna þessa. Hann kvað áverkann dæmigerðan fyrir þungt sljótt högg með blæðingu í auganu, en eftir sitji öramyndun í augnbotni á þremur stöðum og greindi hann nánar frá afleiðingum þessa á sjónina. Hann lýsti afleiðingum þessa fyrir Hörð sem ekki hafi fulla sjón á auganu af þessum sökum. Hann lýsti batahorfum og áhættum sem fylgi aðgerð sem ef til vill þurfi að gera á auganu. Núverandi ástand augans sé eins og búast megi við og ekki er loku fyrir það skotið að gera þurfi aðgerð á auganu. Ástand augans sé ekki orðið stöðugt og ekki ljóst hvernig fer með sjónina á auganu, þótt ljóst sé að um verulegan augnskaða sé að ræða.

Vitnið Sigurður Halldórsson læknir skýrði og staðfesti læknisvottorð sem ritað var eftir skoðun á Herði um einni klukkustund eftir atburðinn sem í ákæru greinir. Strax hafi komið í ljós að blæðing væri inni í hægri auga. Þá lýsti hann örðum áverkum við auga sem lýst er í ákærinni, en þeir séu minniháttar og hafi gróið.

#### **Niðurstaða ákæruliðar 4.**

Ákærði hefur játað að hafa slegið Hörð Þorgeirsson eitt hnefahögg eins og honum er gefið að sök með afleiðingum sem þar greinir. Ágreiningur er aðeins um aðdraganda höggsins frammi á stigapallinum. Ákærði kvaðst hafa slegið þar sem hann hafi talið að Hörður ætlaði að ráðast á hann. Þetta hafi hann merkt af því að Hörður hafði í sama mund hrint Degi frá sér og hlaupið að ákærða auk þess sem ákærði kvað Hörð stöðugt hafa ógnað og æst sig upp um kvöldið. Vitni báru um átök þessara aðila fyrir um kvöldið. Eftir að þeim lauk inni í íbúðinni er ljóst af vitnisburði að ákærði og Hörður hafi farið fram á stigapallinn þar sem ákærði kvaðst hafa slegið Hörð. Vitnisburður er mjög misvísandi um það sem þar gerðist. Ýmist muna vitni atburðinn illa eða bera á misvísandi veg um það hverjir voru viðstaddir er ákærði sló Hörð. Ýmsar skýringar kunna á vera á þessu eins og vitnin sjálf hafa borið, m.a. ölvun viðkomandi. Er vitnisburður sumra af þessum sökum mjög ótraustur. Eins og rakið var eru aðeins tvö vitni sem sáu hvað gerðist er ákærði sló Hörð. Þetta eru vitnin Friðrik Sæmundur og Dagur Már, bræður ákærða. Þótt þeir séu tengdir ákærða er það ekki næg ástæða til hafna vitnisburði þeirra en hvorugur þeirra var undir áhrifum áfengis á þessum tíma. Að öllu þessu virtu verður að leggja framburð ákærða til grundvallar því sem gerðist á stigapallinum og fær sú niðurstaða stoð í vitnisburði Friðriks Sæmundar og Dags Márs. Að vitnisburði Harðar frátöldum er ekki öðrum vitnum til að dreifa um það sem gerðist á því augnabliki er ákærði sló Hörð. Afleiðingar höggsins urðu þær sem í ákæru greinir. Þótt ekki sé ljóst hverjar verða endanlegar afleiðingar hnefahöggsins er ljóst af vitnisburði lækna sem lýstu áverkum að tjónið á auganu verður stórfellt. Samkvæmt því varðar brot ákærða samkvæmt þessum ákærulið við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga eins og í ákæru greinir.

Ákærði gekkst undir lögreglustjórásátt á árinu 2008 fyrir fíkniefnabrot. Ákærði hefur játað brot sín að mestu leyti og er það virt honum til refsilækkunar. Refsing ákærða er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Afleiðingar brots ákærða samkvæmt 4. lið ákæru urðu alvarlegar. Að öllu ofanrituðu virtu og aðdraganda höggsins sem ákærði sló Hörð, sbr. ákærulið 4, þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í 6 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.

Með vísan til tilvitnaðra ákvæða umferðarlaga í ákæru skal ákærði sviptur ökurétti 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 eru dæmd upptæk 4,56 g af amfetamíni.

Bótakrafa Harðar er þannig saman sett. Krafist er 2 milljón króna í miskabætur, 134.839 vegna útlagðs kostnaðar og 1.960.000 vegna tímabundins atvinnutjóns. Vaxta er krafist eins og lýst er í ákæru.

Hörður á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bæturnar hæfilega ákvarðaðar 400.000 krónur. Þá er ákærði dæmdur til að greiða Herði 134.839 krónur vegna útlagðs kostnaðar. Kröfunni vegna tímabundins atvinnutjóns hefur verið andmælt og krafist frávísunar. Krafan er vanreifud og ekki ljóst hvert tjón Harðar varð vegna háttsemi ákærða. Þessi hluti kröfugerðarinnar er ódómtækur og er honum vísað frá dómi. Ákærði er þannig dæmdur til að greiða Herði 543.839 krónur auk vaxta eins og í dómsorði greinir en vaxtakröfu var ekki andmælt. Þá greiði ákærði Sveini Andra Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, skipuðum réttargæslumanni Harðar Þorgeirssonar, 219.625 krónur í réttargæsluþóknun að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði 620.529 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði greiði Brynjari Nielssyni hæstaréttarlögmanni 376.500 krónur í málsvarnarlaun að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Jóhann Guðni Jóhannsson, sæti fangelsi í 6 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal sviptur ökurétti 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Upptæk eru dæmd 4,56 g af amfetamíni.

Ákærði greiði Herði Þorgeirssyni, kt. 000000-0000, 543.839 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. júní 2009 til 14. október 2009 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 620.529 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði greiði Sveini Andra Sveinssyni hæstaréttarlögmanni 219.625 krónur í réttargæsluþóknun að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði Brynjari Nielssyni hæstaréttarlögmanni 376.500 krónur í málsvarnarlaun að meðtöldum virðisaukaskatti.

Guðjón St. Marteinson